



Félag háskólakennara

Aðalfundur Félags háskólakennara haldinn miðvikudaginn 11. maí 2023

Baldvin Zarióh formaður Félags háskólakennara setti fundinn kl. 15:30 og lagði til að Sigríður Jónsdóttir verði fundarstjóri fundarins og Helga Birna Ingimundardóttir ritari fundarins. Það var samþykkt einróma.

Sigríður Jónsdóttir hóf fundinn og sagði að samkvæmt lögum félagsins hefði hann verið löglega boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Fundarstjóri áréttaði einnig að hlutkostur verði notaður ef niðurstöður kosninga verði með þeim hætti atkvæði falla að jöfnu.

Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 5. grein laga félagsins. Gengið var til dagskrár.

1. Lögð fram ársskýrsla.
2. Lagðir fram kannaðir reikningar félagsins skv. alþjóðlegum stöðlum.
3. Ákveðið félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. 3. gr. reglna um sjóðinn.
4. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
5. Kosin stjórn, sbr. 8. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 8. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar 2022 – 2023

Baldvin Zarióh formaður Félags háskólakennara flutti skýrslu stjórnar. Rakti hann helstu verkefni og störf stjórnarinnar á liðnum vetri. Stærsta verkefni stjórnarinnar var undirbúningur kjarasamninga, en kjarasamningur félagsins rann út 31. mars 2023. Fór hann m.a. yfir samvinnu BHM í undirbúningi kröfugerðar ásamt vinnufundum stjórnar. Haldnir voru opnir fundir með félagsfólki í nóvember 2022 þar sem megintilgangur fundanna var að heyra skoðanir þess á kjaramálum og hvaða atriði væru mikilvægust í komandi viðræðum. Mikið samstarf var milli BHM félaganna frá desember 2022 í kjölfar Jafnréttissamningsins sem kynntur var í nóvember 2022, um tiltekin málefni. Kröfugerð félagsins var endanlega samþykkt á stjórnarfundi snemma í febrúar 2023. Fyrsti fundur stjórnarinnar með samninganefnd ríkisins var haldinn í kjölfar undirritunar samkomulags BHM þann 31. mars 2023. Nýr kjarasamningur var undirritaður 12. apríl 2023 og kynntur á teamsfundi með félagsfólki þann 14. apríl. Kosning um kjarasamninginn hófst þá strax í kjölfarið og þeir samþykktir með 88,5% atkvæða þann 18. apríl. Þá ber að geta að áfangasamkomulag um 7. gr. vinnuna var undirritað milli bandalaganna og ríkisins þann 23. mars sl.

Í samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál sem haldirn eru reglulega hafa eftirfarandi málefni veirð til umfjöllunar:

- Launasetning félagsfólks almennt og samkeppnishæfi HÍ við ráðningar.
- Launaþróun akademískra starfsmanna.
- Endurskoðun á starfsmatskerfi SKREF.
- Stundakennarar.
- Reglur um fjarvinnu og reynsla af styttingu vinnuvikunnar.
- Ýmis réttindamál starfsmanna HÍ, s.s. húsnæðismál, símamál og áskriftarpakkar vegna nettenginga.

Á borði stjórnar hafa einnig verið til umfjöllunar eftirfarandi málefni á liðnum vetri:

- Norrænn fundur systursamtaka í júní 2023.
- Endurskoðun á starfsmatskerfi í stjórnsýslu, kynning á HERA í janúar með Mannauðssviði HÍ.
- Ályktun 6. febrúar vegna bókunar í fundargerð háskólaráðs í janúar sl. um hugsanlega endurskoðun á fastlaunasamningum starfsfólks.
- Ályktun vegna fjármögnun háskólastigsins ásamt Félagi prófessora 8. febrúar sl.

- Sameiginleg umsögn háskólafélaganna 17. mars sl. um þingsályktun um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2024
- Sameiginlegir fundir Fh og FPR um verkefnaþróun vinnurými
- Þarfagreining með BHM félögum vegna nýs skrifstofuhúsnæðis fyrir félagið

Að lokum þakkaði formaður stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra félagsins gott samstarf á liðnum vetri.

Íris Davíðsdóttir flutti skýrslu Starfsþróunarsjóðs Félags háskólaakennara (SFH). Íris sagði m.a. frá því að stjórn sjóðsins hefur lagt mikla áherslu á að kynna sjóðinn og möguleika félagsmanna og stofnana á að nýta sér þau réttindi sem honum fylgja. Haldnir hafa verið rafrænir fundir á flestum fræðasviðum HÍ og ætlunin er að halda kynningum áfram á komandi vetri. Þær áherslur hafa sannarlega skilað sér í fjölgun umsókna á liðnum vetri.

2. Ársreikningur

Guðmundur Ingi Guðmundsson gjaldkeri stjórnar, lagði fram og kynnti kannaða reikninga félagsins, kjaradeilusjóðs og Starfsþróunarsjóðs Félags háskólaakennara, fyrir árið 2022.

Rekstrarreikningur félagsins ársins 2022 sýndi hagnað á rekstri um rúmar 6 milljónir króna. Eignarstaða félagsins er góð og nemur handbært fé í árslok rúmunum 17 milljónum króna.

Kjaradeilusjóður á eignir sem nema tæpum 119 milljónum króna.

Starfsþróunarsjóður skilaði rúmunum 2 milljóna króna hagnaði og á eignir sem nema rúmunum 215 milljónum króna.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á því að koma með spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikning.

María Árdís, spurði var um 7. gr. vinnuna og hvar sú vinna stæði og hvort aðrir hópar komi í kjölfarið. Baldvin svaraði fyrirspurninni.

Íris Ellenberger spurði um húsnæðismál og hvort félagið ætli að láta til sín taka í þeim málefnum. Baldvin svaraði fyrirspurninni.

Ragný benti á að skv. 7. gr. vinnunni þyrfti að hækka laun innan Fh mikið, þar sem skoða ætti sambærileg störf innan opinbera geirans.

Einar Guðbjartsson ræddi um húsnæðismál og spurði einnig hver beri ábyrgð á ávöxtun kjaradeilusjóð, sem honum fannst ekki góð á síðasta ári. Helga Birna svaraði fyrirspurn um ávöxtun kjaradeilusjóð.

Ingi Þorleifsson, spurði um styttingu vinnuvikunnar hjá akademísku starfsfólki og hvenær mætti vænta hennar. Baldvin svaraði fyrirspurninni.

Auður María vildi benda á að húsnæðismál væru kjaramál.

Anna Dís vildi benda á að áður en til styttingu vinnuvikunnar kemur hjá akademísku starfsfólki þá þurfi að taka á misræmi á kennslutalningu á milli sviða. Baldvin sammála því.

Berglind Eva benti á vinnu sem verið hefur í gangi og skýrslu sem gefin var út í kjölfarið og liggur hjá fjármálarnefnd skólans.

Jens velti því fyrir sér hvort Háskólaþing væri hugsanlega réttur vettvangur til að taka upp þessa umræðu.

Fundarstjóri bar upp ársskýrslu stjórnar til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Þá bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

3. Félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð

Engar tillögur um breytingu félagsgjalda og hlutdeild þeirra í kjaradeilusjóði lágu fyrir fundinn. Fundarstjóri bar upp tillögu til óbreyttra félagsgjalda og var hún samþykkt.

4. Tillögur um lagabreytingar

Engar tillögur til lagabreytinga lágu fyrir fundinn.

5. Kosning stjórnar

Í bréfi kjörnefndar til stjórnar dags. 2. maí 2023 er lagt til eftirfarandi:

Formaður til eins árs:
Baldvin M. Zarioh, deildarstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviði.

Meðstjórnendur til tveggja ára:
Arngrímur Vídalín Stefánsson, lektor við Menntavísindasvið.
Guðmundur Ingi Guðmundsson, sérfræðingur við Landsbókasafn-háskólabókasafn.
Ingibjörg Óðinsdóttir, mannauðsstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasvið.
Íris Hrönn Guðjónsdóttir, innviðastjóri Verkfræði- og náttúruvísindasvið.
Jens Guðmundur Hjörleifsson, lektor við Lyfjafræðideild og Raunvísindadeild.

Fulltrúi launþega á styrk til eins árs.
Haukur Logi Karlsson, nýdoktor við Lagadeild.

Fundarstjóri gerði grein fyrir stjórnarkjöri. Félagsmönnum var sendur tölvupóstur þar sem þeir voru hvattir til að bjóða sig fram til stjórnar Félags háskólakennara og senda framboð til kjörnefndar félagsins. Eitt framboð kom fram til formanns, fimm um aðra stjórnarmenn og eitt framboð fyrir fulltrúa á styrk. Ljóst var því að kjósa þurfti um þrjú sæti meðstjórnenda til tveggja ára.

Fundarstjóri tilkynnti að sjálfkjörið var í embætti formanns og fékk Baldvin lófaklapp frá fundarmönnum.

Fundarstjóri bauð þeim fulltrúum sem boðið höfðu sig fram til stjórnar félagsins að kynna sig í starfrófsröð. Áður hafði frambjóðendum verið sendur póstur með þeim atriðum sem gott væri að kæmu fram á kynningunni s.s. menntun, störf, áherslumál og ástæður framboðs.

Arngrímur Vídalín, tók til máls og kynnti sig og sagði frá því að hann hefði áhuga á að starfa fyrir félagið og brenni m.a. fyrir húsnæðismálum.

Guðmundur Ingi, sagði frá störfum sínum fyrir félagið undanfarin ár og mikinn hug á því að starfa áfram fyrir félagið.

Ingibjörg Óðinsdóttir tók til máls og sagði að hún hefði ekki áður setið í stjórn félagsins en vilji láta til sín taka í kjarabaráttu félagsins og því hefði hún nú ákveðið að bjóða sig fram til stjórnar. Hún brennur fyrir kjör og samkeppnishæfni starfsfólks.

Íris Hrönn tók þá til máls og sagðist ætíð hafa haft áhuga á félagsstörfum. Hennar áherslumál eru kjaramál stjórnsýslu og akademískra. Hagsmunir og vellíðan starfsfólks í starfi fara saman við hagsmuni skólans.

Jens Guðmundur, sagði frá því að hann hafi starfað sem varaformaður félagsins undanfarin ár og hafi mikinn áhuga á því að starfa áfram í stjórn félagsins. Næstu kjarasamningar verði væntanlega þeir mikilvægastu sem félagið hafi gert og því er þarf undirbúningur að vera góður og fara strax af stað.

Gengið var til kosninga. Fundarmenn greiddu atkvæði í leynilegri kosningu þar sem þeir voru beðnir um merkja við þrjú nöfn á kjörseðli. Alls tóku 41 fundarmenn þátt í kosningunni. Atkvæði voru talin og niðurstaðan var þessi:

Arngrímur, 22 atkvæði.
Guðmundur Ingi, 22 atkvæði.
Ingibjörg, 15 atkvæði.
Íris Hrönn, 23 atkvæði.
Jens Guðmundur, 35 atkvæði.

Fundarstjóri sagði frá því að kjósa þyrfti aftur um þriðja sætið til stjórnar og þar sem tveir væru jafnir við talningu þ.e. Arngrímur og Guðmundur Ingi. Fundarstjóri bað fundarmenn um að skrifa nafn annars hvors frambjóðanda á kosningaseðilinn. Gengið var til leynilegra kosninga, atkvæði talin og niðurstaðan þessi.

Arngrímur, 19 atkvæði.
Guðmundur, 12 atkvæði.
Tvö atkvæði voru ógild, þar sem önnur nöfn voru tilgreind á seðlunum.

Fundarstjóri tilkynnti að samkvæmt niðurstöðu kosninga væru Arngrímur Vídalín Stefánsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir og Jens Guðmundur Hjörleifsson réttkjörnir í stjórn félagsins til næstu tveggja ára. Hlutu þeir lófaklapp frá fundarmönnum.

Fundarstjóri tilkynnti að sjálfkjörið var í embætti fulltrúa launþega á styrk og fékk Haukur Logi Karlsson lófaklapp frá fundarmönnum.

6. Kosning kjörnefndar

Tillaga stjórnar um kjörnefnd lá fyrir og var eftirfarandi:

Kjörnefnd:

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson.

Sigríður Jónsdóttir.

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt með lófaklappi

7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn reikninga lá fyrir og var eftirfarandi:

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Jónsdóttir

Reynir Örn Jóhannesson

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar

Engin mótframboð komu fram og var tillaga stjórnar samþykkt með lófaklappi

8. Önnur mál

Fundarstjóri sagði að þeir sem vilja taka til máls undir öðrum málum gefi merki og kynni sig.

Anna Dís og Guðrún María báðu um orðið og töluðu fyrir ályktun sem þær vilja leggja fyrir fundinn. Ályktunin var eftirfarandi:

„Tillaga til ályktunar lögð fyrir aðalfund Félags háskólakennara, félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana þann 1. maí 2023. Félags háskólakennara, félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana ályktar að öllum akademísku starfsfólki skulu standa til boða einkaskrifstofur sem tryggja gott næði fyrir gagnagreiningu, ritstörf, kennslu og meðferð viðkvæmra upplýsinga. Háskóli Íslands skal taka til fullra varna gegn stjórnvöldum fari þau fram á að vinnuástanda starfsfólks sé skert, enda gangi stofnunin út frá því að hún sé sjálfráða um tilhögun húsnæðis síns.“

Fundarstjóri gaf fundarfólki kost á því að tjá sig um ályktunina.

Einar Guðbjartsson, Ármann, Íris D. og Benjamín komu með tillögu að orðalagsbreytingu við framlagða tillögu

Íris Hrönn vekja athygli á því að starfsfólk stjórnsýslu er undanskilið í ályktunni.

Katelin vildi einnig vekja athygli á starfsaðstöðu nema, sem væri ekki tilgreind.

Eftir breytingar á orðalagi var ályktunin borin upp eftirfarandi:

„Aðalfundur Félags háskólakennara 11. maí 2023 ályktar að öllu akademísku starfsfólki skuli standa til boða einkaskrifstofur sem tryggja gott næði fyrir gagnagreiningu, ritstörf, kennslu og meðferð viðkvæmra upplýsinga. Háskóli Íslands skal taka til fullra varna gegn stjórnvöldum fari þau fram á að vinnuástanda starfsfólks sé skert, enda gangi stofnunin út frá því að hún sé sjálfráða um tilhögun húsnæðis síns, þar sem Háskólaráð fer með fyrirsvaer með 60% hluta í Fasteignum Háskóla Íslands ehf.“

Fundarstjóri bar ályktunin upp í atkvæða og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Benjamín vildi vekja athygli á launamun á BS nema annars vegar á samningum Sameykis og meistaranema skv. samningum Fh hins vegar. Miðað við fyrirliggjandi launatölur þá eru BS namar hærra raðað í krónutölum.

Einar Guðbjartsson spurði um stofnanasamning félagsins og yfirvinnu akademískt starfsfólk, hvað hefði gerst í þeirra málum frá síðasta aðalfundi. Var hissa á því hvernig félagið hafi getað samið af sér þegar almenn yfirvinnuprósentan er 0,010385% en yfirvinnuprósentan akademískra er reiknuð út frá dagvinnu 0,0615%. Hann spyr hvernig þetta rataði inn í kjarasamning/stofnanasamning félagsins og hvort ekki megi vísa þessu til Félagsdóms eða hvort hægt væri að fá lögfræðiálit á gjörningnum? Baldvin svaraði því til að sér litist betur á að fá lögfræðiálit.

Heimir, bendir á að það kemur afsláttur á kennslu.

Einar Guðbjartsson leggur til að fá lögfræðiálit frá Guðna Haraldsson hdl. á málinu.

Ragný bað um orðið og vil vekja athygi á miklu álagi á akademísku starfsfólki og hversu mikið það hafi aukist t.d. vegna ýmissa nefnda og fundarstarfa. Sjálf viti hún ekki hversu mikið orlof hún á. Hún vinni í öllum fríum, s.s. jóla- og páskafríum, sem komi niður á kennslu og rannsóknarstöfum.

Jens Guðmundur bendir á að hægt væri að fylgjast með þessum tímum ef akademískt starfsfólk stimpli sig inn í vinnu eins og fólk í stjórnsýslustöfum.

Auður svarar Jens og segir að stimpilklukka myndi alltaf gagnast HÍ betur heldur en starfsfólki.

Íris Hrönn vildi benda á það að akademískt starfsfólks er bæði tætt og þreytt og vilji geta einbeytt sér að kennslunni sem getur komið niður á rannsóknarstöfum. En starfsfólk stjórnsýslu vinnur líka undir mikill pressu og álagið er mikið. Sem dæmi að þá mikið álag á stjórnsýslufólki á VON og margir í kulnun. Innri kerfi s.s. deililíkan, bókhaldskerfi standi fólki fyrir þrifum. Þetta þarf að skoða.

Katelin bað um orðið að sagði að margt ungt fólk sé að brenna út sökum álags.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góðan fund og gaf nýkjörnum formanni orðið.

Baldvin þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund. Bauð nýtt stjórnarfólk velkomið til starfa og þakkaði fráfarandi stjórnarfólki fyrir gott samstarf og störf fyrir félagið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:30.

Fundarritari, Helga Birna Ingimundardóttir.